

Grímsey, 22. september 2021
36. fundur hverfisráðs Grímseyjar og íbúafundur

Mættir: Karen Nótt Halldórsdóttir, formaður
Halla Ingólfssdóttir, ritari
Bjarni Reykjalín Magnússon
Íbúar Grímseyjar
2 frá Orkustofnun
Arna Björk og Anna Lind frá SSNE

Fundur hverfisráðs hófst kl. 16:30 og íbúafundur kl. 17:30.

Á sameiginlegum fundi Grímseyjar og verkefnisins Glæðum Grímsey í júní síðastliðinn var kosið í nýtt hverfisráð. Jóhannes Gísli Henningsson fráfarandi formaður og Guðrún Inga Hannesdóttir hættu og inn voru kosin Halla Ingólfssdóttir og Bjarni Reykjalín Magnússon. Varamaður var kosinn Harpa Þórey Sigurðardóttir.

Á þessum hverfisráðsfundi, 22. september, voru hlutverk nefndarmanna skilgreind og verða sem hér segir:

Karen Nótt Halldórsdóttir formaður
karenottin@gmail.com
Sími 6967660

Halla Ingólfssdóttir ritari
Sími 8481696
halla@arctictrip.is

Bjarni Reykjalín Magnússon

Varamaður Harpa Þórey Sigurðardóttir

Fyrirhugaður var íbúafundur með verkefnastjórn Glæðum Grímsey. Hins vegar varð sá voveiflegi atburður kvöldið áður að Miðgarðakirkja hér í Grímsey brann til grunna. Ákveðið var að halda íbúafund en sníða hann að breyttum aðstæðum.

- Fyrsta mál á dagskrá var kirkjubruninn. Samróma álit íbúa var að kirkja skyldi vera í eyjunni á þessum nyrsta kirkjustað landsins. Umræður um hvort endurbyggja ætti hana í sömu mynd en sú ákvörðun tekin að byggja kirkju í svipuðum stíl með breytingum í takt við nútímann. Ákveðið var að kanna hjá Minjastofnun lög og reglugerðir varðandi friðaðar byggingar og endurbyggingu.
- Ákveðið var að senda yfirlýsingu á fjölmiðla vegna brunans og fyrirætlan varðandi kirkjuna þar sem reikningsnúmer kirkjunnar kom fram.

Grímsey, 22. september 2021

36. fundur hverfisráðs Grímseyjar og íbúafundur

- Rætt var um þörfina á því að hingað kæmu nýir sjúkra- og slökkvibílar. Slökkvibíllinn er fjörgamall og ætti í raun að vera á safni. Sjúkrabíllinn hentar ekki hér og hefur ekki hefur ekki verið hægt að nota hann í okkar vegakerfi þegar á hefur þurft að halda.
- Umræða um íbúðarhúsið Miðgarða, hvort bærinn eða kirkjan vildu kaupa það. Hins vegar er húsið nú að öllum líkindum selt.
- Rætt var um nauðsyn þess að fara yfir aðrar brunavarnir í Grímsey. Brunavarnarkerfi er í Múla og yfirfarið reglulega en ekki annarsstaðar svo vitað til. Einnig umræða um brunavarnir almennt á heimilum.
- Orkustofnun tók við með umfjöllun um vindmyllur og sólarsellur, svaraði fyrirspurnum úr sal og kynntu verkefnið enn betur.

Fundi lauk kl. 20:00.